

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Dalshraun 1b
<i>Fundarstjóri:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	14.06.2023
<i>Fundarritari:</i>	Esther Hermannsdóttir	<i>Fundartími:</i>	15:15-17:00
<i>Þátttakendur:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir (staðgengill yfirdýralæknis, formaður fagráðs) Guðrún Birna Brynjarsdóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands) Henry Örn Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar Íslands) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) á teams og Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) á teams.		

Dagskrá

1. Erindi Matvælastofnunar til fagráðs vegna hvalveiða

Kl. 15:30 – Egil Ole Øen, dýralæknir og sérfræðingur í hvalveiðum, mætir á fundinn.

Umræða

Egil Ole Øen hefur fundinn á því að fara yfir punkta sem hann hefur undirbúið. Hann segist hafa unnið við dýravelferð varðandi hvalveiðar frá 1980 og meðal annars setið í Alþjóða hvalveiðiráðinu í 35 ár. Í máli hans kom fram að oft gæti misskilnings varðandi þann tíma sem tekur að drepa dýr. Mikilvægt sé fyrir veiðimenn að geta ákvarðað hvort hvalur er dauður, ólík viðmið geti verið fyrir því hvernig dauðatími er ákvarðaður. Kvarði sem var notaður til að ákveða dauðatíma hvala fyrstu árin sem Egil Ole starfaði við hvalveiðar þótti of ónákvæmur til að gagnast mikið. Hann segist hafa eytt stórum hluta starfsævi sinnar í að bæta þar úr. Egil Ole vill undirstrika mikilvægi þess að post mortem sé gert af hæfu fólki því annars getur verið mikill misskilningur um hvenær dýrið hafi í raun látið lífið. Hann bættir því við að það sé einmitt hægt að mæla framfarir í hvalveiðum. Í Alaska hafi veiðimenn misst um 50% af dýrum sem þeir skutu, en þeir hafi stórbætt veiðiaðferðir og nú missi þeir um 15%. Egil Ole lýsir í framhaldinu hvernig hann hafi kennt veiðimönnum að skjóta hvali á hlið. Aðspurður segir hann segir viðhorf veiðimanna til hvala mikilvægt, þeir verði að virða dýrið og sjá til þess að það drepist eins fljótt og mögulegt er. Hann segir myndböndin sem tekin voru við eftirlit mikilvæg, hægt sé að skoða og læra af. Samkvæmt hans reynslu séu hvalir ekki ólíkir öðrum stórum dýrum og þeir bregðist atferlis- og líffræðilega líkt við. Hann segir að þegar hvalur er særður ætti að skjóta aftur eins fljótt og mögulegt er. Egil Ole segir engar aðrar leiðir til að drepa hval heldur en þær sem nú er verið að nota og hann hafi tekið þátt í að þróa. Hvalir séu auðlind sem á að veiða og hann telur rétt að veiða. Hann lýsir því hvernig fólk í Alaska treystir á veiðarnar og segir svipað upp á teningnum í Grænland. Egil Ole spyr af hverju fólk á Íslandi ætti ekki að veiða hvali. Aðspurður játar hann því að hann hafi skrifað að ekki sé hægt að tryggja mannúðlega aflifun hvala en segir að engin veiðiaðferð tryggi 100% árangur. Jafnvel í sláturiðnaði sé ekki hægt að koma í veg fyrir slys. Hann segir minna um að dýr taki langan tíma að drepast við hvalveiðar en öðrum veiðum. Lýsingar hans á eigin skotveiðum í Noregi, meðal annars á elg, passa illa við það hvernig hreindýraveiðar eru stundaðar á Ísland enda skjót aflifun gríðarlega mikilvægur þáttur í þeim veiðum. Aðspurður segir Egil Ole telja að mögulegt sé að drepa hval fljótt í sjó. Í Noregi séu hvalir skotnir líka með stórum riffli, en hann viðurkennir að þar sé um hrefnur að ræða en ekki stórhveli. Hann segir fylgjandi því að betra sé að skjóta oftár en sjaldnar. Hann styður ekki þær hugmyndir að aflífa hvali með rafmagni, segir að sannað sé að sprengiskutull sé besta möguleika veiðarfærið. Egil Ole enda á að taka fram að allar veiðiaðferðir megi bæta enda sé hann kominn til Íslands til að fara yfir hvað hafi mögulega farið úrskaiðis á vertíðinni 2022.

Fundi slitið 17:15